



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Skrifstofa Alþingis - nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 30. maí 2022

2205040SA KB
Málalykill: 00.63

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um stefnu í geðheilbrigðismálum, 575. mál.

Vísað er til tölvupósts frá nefndarsviði Alþingis, dags. 19. maí sl., þar sem óskað er eftir umsögn sambandsins um tillögu til þingsályktunar um stefnu í geðheilbrigðismálum til ársins 2030, 575. mál.

Með stefnunni eru settir fram fjórir áherslupættir ásamt undirliðum. Áherslupættirnir eru:

1. Geðrækt, forvarnir og snemmbær úrræði verði grundvöllur geðheilbrigðis einstaklinga.
2. Heildræn geðheilbrigðisþjónusta verði samþætt og byggist á bestu mögulegu gagnreyndu meðferð, hæfingu og endurhæfingu. Þjónustan verði veitt af hæfu starfsfólki á viðeigandi þjónustustigum í árangursríku samstarfi við þjónustuveitendur í velferðarþjónustu.
3. Notendasamráð og notendamiðuð þjónusta verði á öllum stigum geðheilbrigðisþjónustu.
4. Nýsköpun, vísindi og þróun leiði til betri geðheilbrigðisþjónustu og bættis aðgengis.

Sambandið tekur undir mikilvægi þessara áherslupátta en leggur jafnframt áherslu á eftirfarandi:


- Mikilvægt er að lokið verði við innleiðingu á tillögum starfshóps um innleiðingu geðræktarstarfs, forvarna og stuðnings við börn og ungmenni í leik-, grunn- og framhaldsskólum líkt og fram kemur í lið 1.a í þingsályktuninni. Sambandið á aðild að stýrihópi sem ætlað var að fylgja tillögunum eftir. Stýrihópurinn hefur skilað inn forgangsröðun til ráðherra en þær tillögur hafa ekki verið afgreiddar hjá ráðuneytunum.
- Mikil áhersla er í stefnunni á þverfaglega nálgun og samvinnu og samþættingu heilbrigðis-, félags- og barnaþjónustu. Sambandið tekur heils hugar undir það. Í því sambandi þarf að leggja sérstaka áherslu á að heilbrigðisþjónustan verði virkur þátttakandi í innleiðingu laga um samþætta þjónustu í þágu farsældar barna sem nú stendur yfir. Þá þarf kerfið að gera ráð fyrir því að t.d. einstaklingar sem njóta þjónustu á grundvelli fötlunar eða öldrunar geti einnig þurft þjónustu heilbrigðiskerfisins varðandi geðheilbrigði. Þjónusta á grundvelli eins kerfis má ekki útiloka þjónustu annars.

- Sambandið tekur einnig undir áherslur um að mönnun í geðheilbrigðisþjónustu verði í samræmi við þjónustupörf. Eins og staðan er í dag eru biðlistar barna og ungmenna eftir allskonar þjónustu, m.a. þjónustu sálfræðinga og geðlækna, allt of langir. Þá er mönnun BUGL í engu samræmi við raunverulega þjónustupörf.
- Þá tekur sambandið sérstaklega undir áherslu um breytt aðgengi að geðheilbrigðisþjónustu óháð búsetu enda mikilvægt byggðamál að sú þjónustu sé öllum landsmönnum aðgengileg.
- Enn eru of mörg grá svæði til staðar í ábyrgð- og verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, t.d. í málefnum barna með fjölþættan vanda og notenda sem þurfa á öryggisvistun að halda vegna geð- og hegðunarröskunar. Mikilvægt er að við útfærslu á aðgerðum á grundvelli stefnunnar verði unnið að því að útrýma þessum gráum svæðum.

Að lokum bendir sambandið á að árangur af stefnumótunarstarfi ræðst fyrst og fremst af þeim aðgerðum sem ráðist er í til að ná markmiðum stefnunnar og þeim björgum, þ.e. mannskap og fjármunum, sem aðgerðum fylgja.

Virðingarfyllst

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



Karl Björnsson
framkvæmdastjóri